Góðan daginn

Undirritaður hefur tekið þátt í umræðum um hálendisþjóðgarð bæði á breiðum og sértækum grunni. Hann óskar eftir tækifæri til að koma fyrir nefndina og tala fyrir sjónarmiðum hálendisjarða og þá sérstaklega Stafafells í Lóni.

a) Í þjóðgarðsmálum almennt hef ég talað fyrir neti láglendisþjóðgarða við hringveg. Þeir hefðu starfsstjórn þeirra sem bera hag lands af ástríðu en eru á jafnræðisgrunni gagnvart Þjóðgarðastofnun. Móttökumiðstöðvar væru í byggð en vistvænar samgöngur og stígár liggja til fjalla.

b) Undirritaður hefur lagt mikla áherslu á að Stafafell í Lóni haldist sem landfræðileg, söguleg og útivistarleg heild. Jörðin var seld af ríkinu 1912 miðað við vatnaskil og jökulár. 1976 semja landeigendur við Náttúruvernd ríkisins um friðlýsingu jarðarinnar. 1997 vinna landeigendur heildstæða stefnjmörkun í útivistar og ferðamálum fyrir jörðina í samvinnu við Umhverfisstofnun og sveitarfélagið. Nú hafa verið byggðir upp innviðir fyrir eitt stærsta útivistarsvæði landsins. Skálar, brýr, stígar. Siðasta sumar kláraðist meginleið um Víðidal, Kollumúla og Eskifell. Austurstræti Stafafelli. Eitt sfórkostlegasta og fjölbreytilegasta þversnið íslenskrar náttúru.

Landeigendur hafa áhuga á að jörðin í heild eða fjalllendi hennar verð þjóðgarður en í ríkari mæli á eigin forsendum. Ríkinu hefur verið boðið fjallendið til kaups til að halda náttúrufarslegri heild. Hinn möguleikinn er að hjálpa landeigendum að byggja upp upplýsinga og móttökumiðstöð við hringveg. Semja um málið inn á fjárlög líkt og rekstur menningarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Með kærri kveðju

Gunnlaugur B Ólafsson